

Minnisblað  
um

366. mál

**álitamál, sem fram komu á fundi efnahags- og skattanefndar 17. 03. 2009 vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum nr. 90/2003 og lögum nr. 45/1987 og í umsögnum um það mál.**

**Tilvísanir til svipaðra reglna í öðrum löndum.** Í almennri greinargerð með frumvarpinu er um nokkur efnisatriði þess vísað til þess að slíkar reglur sé að finna í ýmsum öðrum löndum, m.a. þegar fjallað er um skatt á vexti úr landi. Hefur það orðið tilefni fyrir umsagnaraðila til að halda því fram að þetta sé aðalröksemd fyrir þessari tillögu og að ekki sé rétt með farið. Tilvísun í fyrirkomulag í öðrum löndum er að sjálfsögðu ekki aðalröksemd fyrir tillögunni sem er rökstudd ítarlega í greinargerðinni áður en bent er á að skattlagning vaxta sé “nær almenn regla í skattalöggjöf í okkar heimshluta”. Vissulega má deila um nákvæmni í slíku orðalagi en það breytir ekki þeirri staðreynd að slík skattlagning er til staðar í miklum meirihluta landa. Á lista yfir 34 lönd sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við og nefndinni var afhentur kemur fram að í 28 þeirra eru vextir á skatt til erlendra aðila í einhverju formi og í 13 þeirra er einhver afdráttarskattur í tvísköttunarsamningunum á vexti til Íslands þótt við getum ekki lagt skatt á vexti þangað.

**Áhrif skatta á vaxtastig.** Engin rök standa til þess að ætla að skattlagning vaxta leiði til hærri vaxta fyrir íslenska aðila. Í flestum tilvikum mun lánveitandinn ekki bera neinn íslenskan skatt. Í framangreindum lista yfir 34 lönd með tvísköttunarsamning sést að í 21 tilviki, (þ.á.m. flestum stóru löndum V-Evrópu og í BNA) er ekki tekinn afdráttarskattur og í hinum 13 kemur afdreginn skattur til frádráttar á skatti í heimalandinu. Í mörgum löndum er auk þess sú regla (eins og hér á landi) að þessi frádráttur er veittur þótt enginn samningur sé til staðar. Þá virðist hjá sumum umsagnaraðilum sá misskilningur vera uppi að það sem kallað er bruttóskattlagning hér á landi kunni að leiða til tvísköttunar vegna þess að skatturinn fái ekki allur frádrægingu vegna þess að skatturinn í heimaríkinu sé lægri. Slíkt er afar ólíklegt þar sem skattur á vaxtatekjur er nær undantekningalaust hærri en afdráttarskatturinn. Athyglisvert er að Seðlabankinn gerir engar athugasemdir við þetta ákvæði frumvarpsins.

**Almenn staðgreiðsla eða staðgreiðsla vaxtatekna.** Frá framkvæmdasjónarmiðum og m.t.t. þess að almenn staðgreiðsla gildir um aðra afdráttarskatta (arð, þóknanir, o.s.fr.) er talið heppilegra að láta afdráttarskatt af vöxtum falla undir almenna staðgreiðslu.

**CFC ákvæðin (3. gr.)**

*Norska fyrirmyndin.* Val á fyrirmynd byggist á góðum rökum. Norsku reglurnar voru upphaflega settar 1992 og hafa verið endurskoðaðar síðan með hliðsjón af reynslu og m.t.t.. ábendinga frá OECD. Norsku reglurnar eru meðal þeirra einföldustu sem þekkjast. Þær falla vel að íslenskum skattalögum, sem eru í flestum aðalatriðum áþekk norsku lögnum.

*Listi yfir lágskattsvæði.* Mörg ríki birta á grundvelli laganna lista yfir þau ríki og svæði sem lögin geta tekið til. Slíkt er unnt að gera í reglugerð sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Það mætti undirstrika með því að bæta við í lok síðustu mgr. 3. gr. orðunum “, m.a. birt lista yfir þau lönd og svæði sem skattlagning skv. þessari grein getur tekið til”.

*Eignarhald og stjórnunarleg yfirlit.* Sótt í fyrirmynd norsku laganna. Tilgangurinn er að fyrirbyggja sniðgöngumöguleika sem verða til staðar ef einfalt, jafnvel lágt eignarhlutfall er látið ráða. Gert er ráð fyrir að þessi hugtök verði nánar skilgreind í reglugerð en þau eru vel þekkt í skattfrankvæmd hér á landi. *Möguleikar á tvísköttun ef milliliður er í þriðja ríki.* Er ekki til staðar þar sem forsenda skattlagningar er ekki til staðar ef eðlileg skattlagning á sér stað einhvern staðar í eignarhaldskeðjunni.

*Ákvörðun íslenska skattsins.* Farin er sú leið að láta sömu reglur gilda um ákvörðun skatt á tekjur CFC félaga og gilda í hliðstæðum innlendum tilvikum, þ.e. þegar tekjur félags eru skattlagðar hjá eiganda svo sem þegar sameignarfélag eða samlag er ekki sjálfstæður skattaðili. Hliðstæðar reglur er víða að finna.

**Öflun upplýsinga frá erlendu dótturfélagi íslensks aðila kann að stangast á við lög heimaríkis dótturfélagsins.** Í flestum tilvikum er móðurfélagið ráðandi um starfsemi dótturfélagsins og getur ákveðið hvernig upplýsingamiðlun er háttáð þeirra á milli. Stangist sú upplýsingaöflun á við lög í heimalandi dótturfélagsins verður hún ekki knúin fram með lögum annars lands. Bent skal á að án þessa ákvæðis verður ekki hægt að afla upplýsinga um viðskipti íslenskra aðila við útibú íslenskra fjármálafyrirtækja, sem verið hafa áberandi á undanförunum árum og m.a. komið í dagsljósið í ýmsum skattsvikamálum sem verið hafa til rannsóknar.

**Listi yfir viðskiptavini fjármálastofnana og ráðgjafa vegna erlendra samskipta.** Athuga þarf að hér er ekki um fjárhagslegar upplýsingar að ræða og reyndar eingöngu um tilvist hugsanlegra félaga eða eigna. Rétt er að hafa í huga að eftir sem áður eru upplýsingar þessar mikið takamrkaðri en gildir í hliðstæðum tilvikum hér á landi og innan EES svæðisins. Stofni aðili félag hér á landi eða innan EES svæðisins þarf að skrá það í fyrirtækjaskrá viðkomandi ríkis, upplýsa um stjórn þess o.s.fr., leggja fram ársreikninga o.fl. Ákvæði þessi eru sett til að tryggja hagsmuni almenning og gagnsæi á markaði, sem ekki mun þó ná til félaga sem skráð eru á aflandssvæðum þrátt fyrir ákvæði frumvarpsins.

**Tekjuauki.** Fram kom sá misskilningur að ekki væri gert ráð fyrir neinum verulegum tekjuauka með samþykkt frumvarpsins og því ekki átæða til að samþykkja það. Stafar það væntanlega af því að sagt er að frumvarpið leiði ekki til **sérstaks eða sérgreinds** tekjuauka. Með því er að sjálfsögðu átt við að ekki er um að ræða nýjan skattstofn eða sérgreindan skatt. Hins vegar er tekið fram að sú styrking sem verður af ákvæðum frumvarpsins muni leiða til aukinna tekna af tekjuskatti einstaklinga og fyrirtækja, sem stafar af því að draga mun úr skattsvikum og skattundanskoti. Um hvaða fjárhæðir kann að vera að tefla er erfitt að segja. Minna má á að í skattsvikaskýrslunni frá 2004 er áætlað að skattsvik með erlendu ívafi kunni að kosta 3 – 4,5 milljarða króna í töpuðum skatttekjum. Síðan þá hefur aflandsstarfsemi íslenskra aðila margfaldast. Ennfremur liggur fyrir að á síðustu árum hafa íslensk fjármálafyrirtæki greitt eigendum sínum tugi milljarða í arð. Stór hluti af þessum eigendum er beint eða óbeint félög skráð í skattaparadísum. Líklegt er að lítill skattur hafi skilað sér af þessu fé. Má því ljóst vera að eftir verulegum fjárhæðum er að slægjast en tilgangur frumvarpsins er þó eigi síst að auka jafnræði og koma í veg fyrir að óprúttir aðila velti skattbyrði yfir á skilvísa borgara.

**Gildistaka.** Eindregið er lagst gegn frestun á afgreiðslu frumvarpsins. Gildistaka 1. gr. er við næstkomandi áramót sem gefur tíma til undirbúnings. Skattlagning skv, CFC reglunum kemur fyrst til vegna tekjuársins 2010. Reglur um upplýsingamiðlun taka þegar gildi. Mikilvægt er að þær komist sem fyrst í framkvæmd m.a. til að skapa möguleika fyrir skattyfirvöld til að fá upplýsingar um og kanna mál sem tengjast bankahruninu og hugsanlegum skattundanskotum í tengslum við það.